

	U. S. § pr. lest fob.
Blokkfryst	2.65
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2.65
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2.78
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.08
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.23

Verðbil verður 4%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegssráðuneytið, 23. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Íslensku óperunnar (Félag áhugafólks um óperu- og óperuettuflutning), útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 7. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarfélag og styrktarsjóð íslensku óperunnar
(Félag áhugafólks um óperu- og óperuettuflutning)

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag íslensku Óperunnar og sjóðurinn Styrktarsjóður Íslensku Óperunnar. Hvort tveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita íslensku Óperunni árlegan stuðning með fjárframlögum, mynda félagsskap til eflingar starfsemi Íslensku Óperunnar, er heitir Styrktarfélag Íslensku Óperunnar.

Félagið er opið öllu áhugafólki um óperu- og óperuettuflutning, sbr. þó 5. gr. i. f.

3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð er nefnist Styrktarsjóður Íslensku Óperunnar.

Sjóðurinn er eign Íslensku Óperunnar.

Stjórn Íslensku Óperunnar skal hafa stjórn sjóðsins með hendi og ráðstafa sjóðnum eftir þörfum Íslensku Óperunnar hverju sinni og í þágu hennar. Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða fasteignum.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum Íslensku Óperunnar og vera háðir sömu ákvæðum og þeir um reikningshald og endurskoðun.

5. gr.

Árlegt framlag styrktarféлага (sbr. 2. gr.) til Styrktarsjóðs Íslensku Óperunnar skal ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert.

Félag eða stofnun sem styrkir Íslensku Óperuna með slíkum fjárframlögum, telst einn félagi í styrktarfélaginu og hefur rétt til eins fulltrúa á fundum þess. Ef fulltrúi frá stofnun eða félagssamtökum er einnig persónulegur styrktarfélagi, hefur hann þó aldrei nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

Umsókn um þáttöku í Styrktarfélagi Íslensku Óperunnar skal senda stjórn styrktarfélagsins mánuði fyrir aðalfund þess.

6. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í maí-mánuði ár hvert. Til hans skal boða með auglýsingu í blöðum eða á annan tryggilegan hátt, með viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmaður.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.

7. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til meðferðar:

- a) Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins og Íslensku Óperunnar, á liðnu starfsári.
- b) Félagisstjórnin leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins og Íslensku Óperunnar fyrir liðið ár en reikningsár félagsins er almanaksárið.
- c) Kosning stjórnar félagsins og varastjórnar.
- d) Kosning tveggja endurskoðenda og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, og eins til vara.
- e) Ákveðin upphæð árgjalds til styrktarsjóðs.
- f) Önnur mál.

8. gr.

Skipulagsskrá félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og skal leita staðfestingar forseta Íslands á þeirri breytingu. Í fundarboði skal þess sérstaklega getið að tillaga til breytingar á skipulagsskrá verði tekin til meðferðar á fundinum og skal efni hennar lýst. Nái tillaga til breytinga á skipulagsskrá, samþykki meiri hluta fundarmanna, fær hún gildi.

9. gr.

Stjórn félagsins, sem jafnframt er stjórn Íslensku Óperunnar, skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Formaður skal kjörinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir í einu og ræður afl atkvæða kosningu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti. Í forföllum formanns kýs stjórnin staðgengil hans úr eigin hópi.

10. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins og Íslensku Óperunnar milli aðalfunda. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og Íslensku Óperunnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hvors tveggja. Hún skuldbindur félagið og Íslensku Óperuna gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

Til meiri háttar ákvarðanatöku, svo sem kaupa eða sölu fasteigna, skal þó ávallt boða til félagsfundar og skal til hans boðað á sama hátt og til aðalfundar og ræður afl atkvæða úrslitum á slíkum fundum.

11. gr.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Honum er skylt að halda stjórnarfund, er a. m. k. tveir stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef formaður og tveir stjórnarmenn eða vara-
stjórnarmenn sækja fundinn, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnar-
fundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

Ákvæði til bráðabirgða:

12. gr.

Á stofnfundi skal kosin fyrsta stjórn félagsins, svo og endurskoðendur er sitji
til fyrsta aðalfundar félagsins, sem haldinn verður í maí 1981.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku Óperunnar,
hinn 3. október, 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Íslensku Óperuna, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Íslensku Óperuna.**

1. gr.

Íslenska Óperan er stofnuð að frumkvæði Styrktarfélags Íslensku Óperunnar
er starfar samkv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Íslenska Óperan er sjálfseignastofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Markmið Íslensku Óperunnar er að koma á fót föstum sýningum á óperum og
óperettum í Reykjavík og með því byggja upp atvinnugrundvöll fyrir íslenska
söngvara svo þeir megi nota menntun sína og hæfileika sér til lífsviðurværis.

4. gr.

Markmiði sínu hyggst Íslenska Óperan ná m. a. með því að vinna að því að
koma upp húsi fyrir starfsemi sína og með því að fastráða söngvara eftir því sem
efni leyfa.

Fjárhagsgrundvöllur Íslensku Óperunnar er byggður á eftirfarandi:

- a) aðgöngumiðsölu að óperu- og óperettusýningum,
- b) framlagi Styrktarsjóðs Íslensku Óperunnar,
- c) gjöfum og styrkjum sem íslensku Óperunni áskotnast.